

## 1. fundur skólaráðs skólaárið 2022-2023 - 12. október kl. 14:10

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Svala Fanney Njálisdóttir, Stefán Hrafn Stefánsson, Þorsteinn Björnsson, Sigurður Baldur Þorsteinsson og Gyða Dröfn Árnadóttir.

Hólmfríður Björnsdóttir var fjarverandi og ekki var búið að skipa fulltrúa nemenda í ráðið.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Svala Fanney Njálisdóttir

### 1. Funda- og starfsáætlun ráðsins yfirfarin

Funda- og starfsáætlun ráðsins var yfirfarin og samþykkt samhljóða.

### 2. Skipulag og áherslur skólaársins

Höldum áfram að vinna með þær breytingar sem voru gerðar í fyrra; 80 mín lotur, hreyfi- og lestrarstundir, morgunmat, samræmdur skóladagur á öllum skólastigum 8:20-14:00 o.fl. Verið er að innleiða Hugarfrelsi þennan veturinn.

### 3. Skóladagatal / Viðburður vetrarins

Hefðbundið skóladagatal; starfsdagar, jólafrí, vorskemmtun og fleira. Ákveðið var að hafa aftur vetrarfrí sem var reynt í fyrsta skipti í fyrra við heldur óvenjulegar aðstæður þar sem langflestir lágu í Covid. Starfsfólk skólans stefnir á námsferð til Skotlands í vetrarfríinu að þessu sinni. Samskólaheimsóknir og viðburðir tengdir samskólastarfi verða á dagskránni.

### 4. Starfsáætlun 2022-2023

Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans og eru þar allar helstu upplýsingar um skólann og hans starfsemi. Sem dæmi eru upplýsingar um starfsmannamál og teymiskennsluna. Rætt um morgunmat og ávaxtastund, hugmyndir uppi um að bæta inn ávaxtastund að morgni. Samræmd próf verða ekki lögð fyrir á skólaárinu. Skólahjúkrunarfræðingur er komin í leyfi fram að áramótum og biðum við upplýsinga frá Heilsugæslunni hvernig þeim málum verður háttað. Það er í skoðun endurskoða uppsetningu á skólaþjónustunni, mál sem er þó á algjöru byrjunarstigi og á eftir að skoða vel.

### 5. Áætlun um innra mat

Er í endurskoðun og verið að velta fyrir sér öðrum leiðum í því. Skýrsla um innra mat síðasta skólaárs ásamt umbótatillögum er aðgengileg á heimasíðu skólans.

### 6. Önnur mál

#### a. Húsnæði og leiksvæði og búnaður - framkvæmdir í sumar

Endurbætur á þakinu voru kláraðar í sumar og settir í þakgluggar og er nú hætt að leka. Hins vegar lekur ennþá í íþróttahúsinu. Forstofan var tekin í gegn og salernisaðstaða endurnýjuð. Mikilvægt er að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi svo að það verði ekki frekari skemmdir. Það leiðir hins vegar til þess að mögulega þarf að slá öðrum framkvæmdum á frest, s.s. leiksvæði, á meðan. Draumurinn er að fá körfuboltavöll, góð leiktæki og pönnuvöll. Líklega þyrfti að gera þetta í einhverjum skrefum en vonandi verður hægt að byrja á einhverjum

framkvæmdum næsta sumar. Leiksvæðið stenst ekki kröfur aðalskoðunar og erum við á undanþágu.

#### **b. Skýrsla um innra mat og umbótatillögur**

Kennarar skiluðu inn skýrslum um teymiskennslu og innleiðingarferlið. Skólapúlsinn lagður fyrir og gefur góðar vísbendingar um starf skólans. Í skýrslunni má finna ýmis mál og tillögur til úrbóta. Niðurstöður Skólapúlsins sýna marktækt að foreldrar telja ekki nægan aga ríkja í skólanum og rímar það við tilfinningu starfsfólks skólans.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 14:42